



Umsögn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Ráðstöfun endurgreiðslu oftekens vatnsgjalds

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 29. ágúst 2019, sem barst fjármála- og áhættustýringarsviði þann 24. september 2020, um ráðstöfun endurgreiðslu oftekens vatnsgjalds í viðhald skólabygginga. Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að þær 33 milljónir sem Reykjavíkurborg fær í endurgreiðslu frá OR vegna oftekens vatnsgjalds verði varið í viðhald skólahúsnæðis í borginni.“

Umsögn

Á árinu 2019 var kostnaður við viðhald grunnskóla í Reykjavík 1.208.699.616 kr. og 808.313.530 kr. hafa nú þegar verið ráðstafað til viðhalds það sem af er árinu 2020. Áætlaður kostnaður vegna viðhalds grunnskóla fyrir allt árið 2020 er 1.384.149.527 kr.

Fjármunir sem koma til endurgreiðslu vegna oftekinna gjalda eru ekki sérstaklega eyrnamerkir til einstakra verkefna innan borgarinnar enda slík verkefni, t.d. viðhald, almennt á fjárhagsáætlun hvers árs.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*